

Stefnumót við lýðræðið 25.nóvember 2020

Umhverfis- og skipulagssvið

Tæknilausnir

Ferlar

Tækni og ferlar

Samantekt á athugasemdum:

Lota 1 spurning 1 Hvernig gat Reykjavíkurborg aukið gæði í ákvarðanatöku með bættum lýðræðislegum ferlum og samtali við borgarbúa.

- Fleiri kynningar og alltaf grenndarkynning ef stórt mál liggur fyrir, ekki framkvæma ef það var kynnt fyrir mjög löngu síðan.
- Auðvelt aðgengi fyrir íbúa að nota lýðræðisleg tæki og ferla.
- Leyfa íbúum að gera umsagnir með auðveldum hætti.
- Aðgengi að upplýsingum var skýrt (gáttin var einföld)
- Ferli í ákvarðanatökum var gagnsætt/myndrænt skema notað
- Grasnótarvettvangur skapaður þar sem borgarar voru upplýstir og gátu komið hugmyndum sínum á framfæri. (fræðsla/tenging)
- Nýta aftur hið gamla góða tæki „grenndarkynningu“ áður en borgin framkvæmir ný verk.
- Spyrja fólk áhlits, og breyta tillögum skv. vilja hagsmunaaðila áður en verk borgarinnar eru send í útboð(sem áður gerðu að verkum að ekki var hægt að breyta neinu)þ.e. ný rúttína.
- Hætta að skýla sér bak við gömul deiliskipulög til að sleppa við að grenndarkynna borgarhönnun sem innihalda element sem varða nágranna en ekki voru sýnd í deiliskipulaginu.
- Leggja meira í almenna upplýsingagjöf um verkefni og vettvanga, sér í lagi til fólks sem hefur ekki íslensku að móðurmáli.

Lota 1 spurning 2 – Hvað gerði Reykjavíkurborg til að sýna borgarbúum fram á að hlustað væri á þeirra skoðanir?

- Tímasetning samráðs og ákvarðanatöku var skýr frá upphafi verkefnaferlis.
- Pólitískt plan var aðgengilegt borgurum
- Íbúaráð, skýrari rammi, betri rökstuðningur fyrir ákvarðanatökum
- Flokkadrættir íbúaráðum til vansa.
- Útvíkka Betri Reykjavík yfir í aðrar gerðir verkefna. Nefnd voru dæmi eins og listahátíð í hverfi eða kaupa spjaldtölvur í skóla. Mörk á milli slíkra vettvanga þarf að vera skýr.
- Reglulegt fréttabréf, sérstakir facebookhópar sem Rborg er með.
- Fleiri kosningar eða skoðakannanir sem borgin sér um.
- Borgarinn sér áhrif þátttöku/samráð í ákvarðanatökum.

- Borgin hætti að svara í skætingi og siga lögfræðingum á fólk sem vill hafa áhrif á nærumhverfi sitt, bauð heldur upp á samtal og varð við óskum fólks. 1.2

Lota 1 spurning 3 – Ræðið hvaða nýjungar borgin tók upp til að auka þátttöku borgarbúa í lýðræðislegri umræðu og til að ná til allra hópa innan samfélagsins?

- Grenndarkynningar voru (auk bréfs) sendar í tölvupósti
- Vettvangur skapaður til að tengja hagaðila inni ákvarðanatökur
- Þegar eru nokkrir vettvangar fyrir borgarbúa utan Betri Reykjavík. t.d. ábendingavefurinn og Sköpunartorg en fá vita af þeim. Þessir þurfa að vera sýnilegri.
- Bæta þarf tæknilega úrvinnsluhlið þeirra gagna/tillagna sem lagar eru til svo sjá megi hvort verið sé að sinna þörfum þeirra sem taka þátt í lýðræðislegum verkefnum.
- Nýjungar í myndrænni framsetningu til að auðvelda aðgengi og gagnsæi.
- Litið var til Norsku vegagerðarinnar við samráð við framkvæmdir, en þar hefur náðst mikil sátt í brútal aðgerðum inn í viðkvæm vistkerfi. (Þar vinna Íslendingar sem geta upplýst og leiðbeint).

Umræður og aðrar athugasemdir lota1

- Hægt að gera margt nú þegar, (spurt um 2030)
- Fullt af leiðum til, nýta betur, ekki búa til fleiri - ekki finna upp hjólið.
- Sumum finnst erfitt að skrá sig rafrænt, hafa þetta opið.
- Millibilsskrefið ógegnsætt í Hverfið mitt
- Útvíkka Betri Reykjavík t.d. listahátíð,
- Borgin er ekki að nýta tækin sem til staðar eru nú þegar
- Átakið hefur byrjað með rafrænni Reykjavíkurborg Hefur ekki verið mikill vilji til að leyfa fólki að taka þátt í ákvörðunum núna, t.d. íbúakosning Elliðaárdal
- Ríkari upplýsingaskylda og aðgengi betra að ekki þurfi að skrá sig inn
- Grenndarkynning mætti fara oft fram og hafa skilvirkara ferli, dæmi tekið um stór verkefni sem kynnt var 2004 og svo framkvæmt núna.
- Góður vilji hjá Reykjavíkurborg til að búa til þessi kerfi en svo er þetta allt of flókið þ.e. leiðirnar inn í borgarkerfið.
- Hvert er hlutverk grenndar og þjónustustöðvar í hverfum?
- Mætti efla snertifleti í hverfum, jafnvel gegnum þjónustumiðstöðvarnar.
- Gerðuberg til fyrirmyndar.
- Samræma stafrænu samráðsgáttir.
- Skýra tímalínuna, hvar maður er staddur. t.d. varðandi deiliskipulagstillögur.

Lota 2 - Hver ættu markmiðin með lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar að vera?

Hugmyndir að markmiðum:

- Mikil þátttaka íbúa í lýðræði, ákvörðunum og auðvelt að gefa álit
- Yfirlit yfir allar framkvæmdir, hvort þær voru kynntar og kostur gefinn á umsögn.

- Sátttaferli fyrir hendi og íbúar geta virkjað...
- Sem flestir taka þátt á sem breiðustum grundvelli.
- Tryggja gagnsæi ferlisins allt frá hugmynd í gegnum kosningaferli og vinnu íbúaráða og að ákvörðunum þeirra sem vinna úr endanlegri kosningu.
- Skilvirk og hröð svörun við fyrirspurnum og ábendingum.

Hvernig mælum við árangur:

- Fjöldi íbúa sem tekur þátt sem hlutfall af íbúafjölda og endurspegli þá sem búa í borginni.
- Fjöldi framkvæmda sem fóru í þetta ferli er 100% og að hátt hlutfall íbúa taki þátt eða viti um ferlið
- Mæla fjölda þátttakenda og bera samsetningu þeirra saman við samsetningu borgarbúa.
- Ferlar séu skýrir fyrirfram. Ánægjuvog t.d. í gegnum þjónustukannanir til að kanna hvort fólk sé sátt við lýðræðislega innviði.
- Hægt sé að fylgja því eftir hvar í ferlinu mál eru. Hluti ferlisins sé að kanna hvort fólk hafi verið sátt við afgreiðslu mála sinna.

Umræður og aðrar athugasemdir lota 2

- Fáir sem sýna áhuga á að taka þátt í lýðræði miðað við fjölda íbúa
 - mæla hversu margir taka þátt í samráðsferli og lýðræðisferlum
 - lítil mæting á þennan fund sýnir að ekki mikið lýðræði núna
- Rafræn Reykjavík/Betri Reykjavík hefur vakið áhuga margra, þarf að vera auðvelt að taka þátt.
- Of mörg kerfi og of flókið að muna nöfn á mismunandi vettvöngum
- Best ef þátttakendur endurspeglu alla sem búa í borginni t.d. kviðdómakerfið í BNA, ná fram vilja fjöldans án þess að allir þurfi að setja sig inn í öll mál.
 - En samt erfitt að gera þetta í sjálfböðastarfi
 - Best að starfsfólk borgarinnar fari í hverfin og tali við fólk og miðli málum, nú upplifa íbúar að ekkert samráð sé haft
- Koma á fót sátttaferli t.d. eins og var gert með veglagningu í Noregi
- Ekki senda hluti í útboð áður en búið að kynna rækilega
- Íbúum finnst oft erfitt að hafa samband við borgina, erindum ekki svarað eða svarað með skæting.
- Búa til fisíska snertifleti inní hverfunum, til þess að tryggja að náð sér til allra.
- Bæta og einfalda netsamráð og upplýsingagiöf – með því að hafa eina gátt. Ekki stóla á Facebook (og þá akkurat bara redirect halda öllum slóðunum sem hafa verið í notkun áður og áfram sendast í nýja miðlæga gátt)
- Koma á umbótameningu varðandi lýðræðisgáttir og vinna þvert á svið borgarinnar þannig að þær stöðir sem virka séu betrum bættar stöðugt í stað þess að finna nýjar.